

Garðabær
b.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótdagur	09.06.20
Málabykki	06.0
Mál nr.	2006176



Efni: Sumarstörf á Úlfjótuvatni

Ágæti viðtakandi


Fyrir hönd Útílfsmiðstöðvar skáta Úlfjótuvatni óska ég eftir samstarfi við Garðabæ um sumarstörf til handa ungum skátum til starfa á Úlfjótuvatni með stuðningi sveitarfélagsins.

Útílfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni eru félagasamtök rekin án hagnaðarsjónarmiða og eru að fullu í eigu Bandalags íslenskra skáta sem er með rótgrónustu æskulýðshreyfingum landsins. Rekstur útílfsmiðstöðvar æskulýðshreyfingar er viðkvæmur fyrir svo miklum áhrifum sem COVID-19 hefur á reksturinn og ljóst er að leita þarf allra leiða til þess að lágmarka taprekstur árið 2020.

Á Úlfjótuvatni geta ungir skátar fengið yfirgripsmikla starfsreynslu, verkþekkingu og ekki síst færni í samskiptum í gegnum fjölbreytt og gefandi störf en fólk hvaðanæva af landinu sækir Úlfjótuvatn heim ár hvert – af flestum heimshornum raunar í eðlilegu ástandi – og fjölbreytni þeirra verkefna sem sinna þarf verður seint upptalin.

Því förum við þess á leit að Garðabær styðji Útílfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni og unga skáta í sveitarfélaginu til launaðra starfa á Úlfjótuvatni sumarið 2020.

Reykjavík 3. júní 2020,


Kristinn Ólafsson
Framkvæmdastjóri
kristinn@skatar.is

